

NÁMSLÝSING

AÐ VERA OG GERA
LISTASMÍÐJA

Námskrá: Smíðja 1 – 2



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Nafn vinnustofu smiðju – í samræmi við námskrá FA, Smiðja 1 – 2 (22-541-1-160)

VINNUSTUNDIR ÞÁTTTAKANDA

Klukkustundir 160

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki

[Click or tap here to enter text.](#)

Gert af: [Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja](#)

Staðfest af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiða námskrár

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2024

Innihald

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
INNTÖKUSKILYRÐI	3
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKRÁR SMÍÐJA 1-2	3
UMFANG OG INNIHALD	3
SKIPULAG	3
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/ LEIÐBEINENDA	4
YFIRLITSTAFLA	5
VERKEFNI Í SMÍÐJU 1 – 2.1 F-SMÍÐ1VS (23)	6
VERKLAG OG VINNUBRÖGÐ 1 – 2.2 F-SMÍÐ1VV (24)	7
ÞJÁLFUN OG VINNA 1 – 2.3 F-SMÍÐ1PV (25).....	8
VINNAN Í SMÍÐJU 1 – 2.4 F-SMÍÐ1VU (26).....	9
VIÐAUKI	10
NÁMSMAT	10
MAT Á NÁMI	10
MAT Á FRAMKVÆMD NÁMS	11
VERKDAGBÓK	12

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 1 – 2, (22-541-1-160), í námskrárgrunni Menntamálastofnunar og á vef FA.

Námskráin Smiðja lýsir námi á 1. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi og skiptist í 4 námsþætti sem fram koma hér á næstu síðum. FA staðfestir lýsingar frá fræðsluaðilum út frá námskrá og birtir á vef sínum.

Megintilgangur með námi í Smiðju er að nemandur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Áhersla er á almenna starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Markmið vinnustofu smiðju er að nemandur öðlist skilning og getu til að vinna að einföldum verkum. Áhersla er á árangursrík samskipti, að njóta verkefnavinnunnar hverju sinni og eru þeir þættir þjálfaðir markvisst í náminu. Stígandi er í vinnustofunum varðandi þyngd og umfang verkefna í hverjum námsþætti. Í síðasta námsþætti er unnið að lokaverkefni sem jafnframt er umfangsmesta verkefnið, þar er aukin ábyrgð á öguð og sjálfstæð vinnubrögð nema. Lokaverkefnið er hópverkefni þar sem nemandur vinna ákveðið verkefni að eigin vali tvö til þrjú saman og nýta skapandi greinar við verkefnavinnu. Lokaafurð verkefna er kynnt á sýningu við lok náms. Nemandur meta árangur starfsins þegar námstími er hálfnaður og í lok náms. Einnig meta leiðbeinendur virkni nema reglulega. Námið er samþætt fyrst og fremst með skapandi greinum eins og myndlist, leirlist, tónlist, leiklist og matreiðslu sem tengt er við daglegt líf. Nemandur vinna verkefni sem eiga bæði að vera hagnýt og til ánægju. Dæmi um slíka tengingu verkefna eru m.a. líkamsbeiting og líkamsvitund, matreiðsla og framreiðsla, árangursrík samskipti og núvitund. Þær 30 klst þar sem að nemandur vinna utan fræðslu (án leiðbeinanda) verða notaðar í vinnu á verkdagbók og við að ljúka við önnur verkefni í vinnslu.

Nemandur nýta kunnáttuna til að vinna að eigin verkum eða verkum annarra undir leiðsögn, fá innsýn í og taka virkan þátt í verkefnum. Sú reynsla nýtist nemum við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni.

Eftirfarandi lýsing er ætluð nemum, fræðsluaðilum og leiðbeinendum. Námslýsinguna má einnig nota til að leggja mat á námið s.s. fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

FA birtir sniðmát fyrir fræðsluaðila til að auðvelda og samræma gerð lýsinga fyrir vinnustofur smiðju.

Inntökuskilyrði

Ekki eru formleg inntökuskilyrði í þetta nám.

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 1-2

Samkvæmt námskrá þurfa nemar að búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að nota algengt fagmál tengt verklagi í smiðju
- eiginleikum og nýtingu efna sem þarf til verks í smiðju
- virkni og eiginleikum búnaðar og áhalda í smiðju
- reglum og leiðbeiningum sem settar eru fram í smiðju
- fyrirmælum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti þeirra sem vinna verkið
- mikilvægi samvinnu og jákvæðra viðhorfa til breytinga
- notkun verkdagbókar.

Leikni:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum á vinnustað smiðjunnar
- nota viðeigandi efni og meðhöndla á viðeigandi hátt
- nota viðeigandi búnað og áhöld
- fylgja öryggisreglum um meðferð og notkun verkfæra
- nota algengt fagmál.

Hæfni:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna vandað verk samkvæmt fyrirmælum leiðbeinanda
- nota til verksins viðeigandi, búnað, efni og áhöld
- gera ráðstafanir til að tryggja öryggi sitt
- vinna að verkefnum í samstarfi við aðra
- vinna verkdagbók.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í fjóra námsþætti

Skipulag

Námið er fyrst og fremst verklegt með þverfaglegu innleggi þar sem við á, skiptist í fjóra hluta þar sem allir hlutar eru verkefnatengdir. Hæfniviðmið eiga við nám samkvæmt námskránni og nema sem læra í mótuðu ferli með leiðbeiningum undir verkstjórn. Stígandi er í náminu í sjálfstæði og ábyrgð á vinnu með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verk lýsingum og undir eftirliti leiðbeinanda eða mentors. Í verkefnavinnu ýmist vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og allri framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir og tryggir rökrétta samfellu þeirra, ber ábyrgð á að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað, ef við á. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnu fólki.

Mikilvægt er að leiðbeinendur séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft og að námið fari að stórum hluta fram í aðstöðu sem alla jafna hentar starfsemi svo að nemar kynnist umhverfi sem er dæmigert.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Dagskrá, húsakynni, umgengnisreglur, verkfæri, námsdagbók, námsefni og námsaðferðir.

Æskilegt er að leiðbeinendur kynni í upphafi viðfangsefnin og skipulag námsins. Þátttakendum er kynnt notkun verkdagbókar og einföld útgáfa af skráningu á verkferlum. Æskilegt er að farið sé yfir verklag og vinnubrögð, hvaða námsgögn er stuðst við og hvernig námsmati er háttað. Einnig að farið sé yfir verkefnaskil ef við á og að nemar fái kynningu á tækjum og tólum sem ætlast sé til að þeir noti á meðan á námi stendur. Nemar eiga auk þess að fá kynningu á húsnæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda. Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til nema um viðveru þeirra á meðan námið stendur yfir og að þeim sé afhent stundartafla. Nauðsynlegt er að gera nemum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og hvaða kröfur þeir geta gert til annarra.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda

Námið byggir á þátttöku, upplifun og sköpunargáfu einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda. Námsefni, framsetningu og framvindu náms skal sniða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smiðju hafa nemar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu að mismunandi námsnálgunum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Yfirlitstafla

Smiðja 1 – 2

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Þrep
Verkefni í smiðju 1-2.1	F- SMIÐ1VS (23)	20	15	5	1
Verklag og vinnubrögð 1-2.2	F- SMIÐ1VV (24)	45	40	5	1
Þjálfun og vinna 1-2.3	F- SMIÐ1ÞV (25)	45	35	10	1
Vinna 1-2.4	F- SMIÐ1VU (26)	50	40	10	2
Vinnuframlag nema		160	130	30	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Verkefni í smiðju 1 – 2.1

F-SMIÐ1VS (23)

Prep	1
Vinnustundir	20
Námsgrein	Smiðja, verkefni 1
Viðfangsefni	efni, skipulag, vinnuumhverfi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að veita nemum stuðning til að ná tökum á grundvallarþáttum verkefna sem framundan eru. Miðað er við að styrkja huga og hönd við verklega vinnu. Nemar fá kynningu á því vinnuumhverfi sem verkefni smiðjunnar snúa að og þau munu þurfa að tileinka sér. Farið er yfir þau viðmið sem gilda í náminu, þau hugtök sem unnið verður með og hvað felst í núvitund. Áhersla er á að nemar fái bæði munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar í smiðjunni auk þess eru hugtök sem kynnt hafa verið rifjuð upp reglulega.

Fjallað er um skipulagningu verkefnis, þau skref sem taka þarf við verklag og hvernig gott er að haga framkvæmdinni. Hvaða tækni og tól verða notuð í náminu og mikilvægi góðs frágangs við verklok. Kynning og þjálfun er á notkun verkdagbókar sem nemar munu vinna að jafnt og þétt allan námstímann. Nemar hefja / leggja drög að fyrsta verkefninu sem er að hanna útlit verkdagbókarinnar í samráði við leiðbeinanda.

Hæfniviðmið 1 – 1.1

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefni smiðjunnar
- viðmið sem gilda í náminu
- hugtök og fagmál sem unnið verður með
- virkni og eiginleikum tækja sem eru notuð í náminu
- hvað felst í að njóta augnabliksins
- skapandi greinar
- verkdagbók.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- nota skapandi greinar sem tækni í náminu
- beita aðferðum núvitundar til að tengja saman hug og hönd.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota rétt verkfæri hverju sinni
- veita verkefnum hverju sinni fulla athygli.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat.

Prep	1
Vinnustundir	45
Námsgrein	Smiðja, verklag 2
Viðfangsefni	verklýsing, verkþættir, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar skilji mikilvægi þess að vinna verkefni af alúð og natni. Vinnuumhverfi fyrir verkefni smiðjunnar er þekkt og nemar fá fræðslu um umhverfið út frá ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi. Nenum er gerð grein fyrir mikilvægi góðra samskipta og samstarfs í verkum. Þjálfun og verkefni í samskiptum og samstarfi til skilningsauka.

Nemar fá verklýsingu til verksins og er lýsingin lesin og rýnd, farið yfir alla verkþætti sem til verkefnis teljast. Rætt um skipulegan undirbúning og mögulegar leiðir við úrlausn verkefnis. Skref verkþátta skoðuð og rædd. Þá er farið yfir mikilvæg vinnubrögð sem gott er að temja sér við verkefnið. Umræður um efni / efnistöð og sértækar leiðir ef slíkra er þörf. Teikningar skoðaðar ef við á ásamt öðrum þáttum sem til geta fallið. Nemar æfa og þjálfva vinnubrögð við einstaka verkþætti. Nemar hefja grunnvinnu við hönnun á nytjahlut sem nýttur verður í náminu.

Hæfniviðmið 1 – 1.2

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað einkennir vönduð vinnubrögð
- öryggi í vinnuumhverfinu
- eigin heilsuvernd
- mikilvægi góðra samskipta
- undirbúningi og skipulagningu verkefna.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- lesa og rýna í verklýsingar
- gera verklýsingu
- beita viðeigandi vinnubrögðum í verkþáttum
- vinna saman á árangursríkan hátt.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna úr verklýsingum og verkþáttum
- vinna að ákveðnu verkefni í samráði við leiðbeinanda
- vinna með öðrum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt
- nota verkdagbók.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat.

Þrep	1
Vinnustundir	45
Námsgrein	Smíðja, þjálfun 3
Viðfangsefni	vinna, þjálfun í vinnubrögðum

Lýsing

Námsþátturinn þjálfar nema í að gera verkáætlun í samráði við leiðbeinanda. Nemar fá fræðslu um umgengni við ólík efni og áhöld sem notuð eru og einnig um viðeigandi aðferðir við umhirðu og frágang. Hver nemi ákveður efni og aðferðir eftir aðstæðum í samráði við leiðbeinanda. Kennd eru viðeigandi vinnubrögð og líkamsbeiting.

Nemar læra að meta aðstæður út frá öryggi og viðeigandi viðbrögð ef einhver er í neyð. Áhersla er á að námsfólk tileinki sér aðferðir við að njóta vinnunnar á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir að nemar rýni í hvað felst í árangursríkum samskiptum í samstarfi fólks.

Nemar halda áfram vinnu og ljúka við hönnun nytjahlutar að eigin vali sem nýttur verður í náminu. Einnig hefst vinna við önnur verkefni undir handleiðslu þar sem m.a. eru nýttar skapandi greinar.

Hæfniviðmið 1 – 1.3

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- umgengni og umhirðu við ólík efni og áhöld
- öryggi og viðeigandi viðbrögð í neyð
- aðferðir við að njóta augnabliksins
- árangursrík samskipti í samstarfi
- viðeigandi vinnubrögð og líkamsbeiting
- hönnun nytjahlutar.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- gera verkáætlun
- meðhöndla ólík efni og áhöld
- ganga snyrtilegar frá í vinnustofu
- beita viðeigandi viðbrögðum í neyð
- nota aðferðir núvítundar
- beita viðeigandi aðferðum í samstarfi
- tjá sig með skapandi grein (að eigin vali).

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- tryggja öryggi sitt á verkstað í samráði við leiðbeinanda
- nota réttar vinnustellingar
- gera verkdagbók.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat.

Prep	1
Vinnustundir	50
Námsgrein	Smiðja, verefni 4
Viðfangsefni	Verkið unnið (vinna)

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar nýti það sem lærst hefur í fyrri námsþáttum til að vinna lokaverkefni undir handleiðslu. Verkefnið er unnið í hópum, tvö til þrjú saman, með áherslu á jákvæð samskipti og að nemi nái að njóta sín í ferlinu. Nýta á skapandi greinar við verkefnið, t.d. tónlist, myndlist, leirlist, leiklist og matreiðslu. Nemar kynna lokaverkefnið í samráði við leiðbeinanda við lok náms. Undir lokin fara nemi og leiðbeinandi yfir árangur sem náðst hefur í smiðjunni við verkefnið í heild.

Hæfniviðmið 1 – 1.1

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- árangursríkri hópavinnu/samvinnu
- aðferðum við kynningu verkefna
- hvað felst í að leggja mat á árangur verkefnis.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- nýta skapandi greinar til tjáningar
- taka þátt í samstarfi með hópavinnu
- koma fram með hópi
- nýta skapandi greinar í kynningum.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna verk eftir fyrirmælum leiðbeinanda og velja efni og áhöld
- ljúka verki í samræmi við lýsingu og verkáætlun
- beita félagslegri færni í samskiptum.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Miðað er við að verkdagbók nýtist einnig við lokamat.

Viðauki

Viðaukar
Námsmat – Mat á námi
Mat á framkvæmd náms
Verkdagbók

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda eru metin með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsins, með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nemanna. Lagt er til að nemi haldi verkdagbók sem lið í að meta námsframvindu sína.

Nemum er gerð grein fyrir að í verkdagbók eigi þau að safna gögnum um verkefni sín og frammistöðu svo að fyrirtæki eða skóli geti lagt viðeigandi mat á þau. Markmið með verkdagbók er að styðja við og efla nám auk þess að vera ákveðinn vitnisburður um árangur. Í verkdagbókina safna nemi verklýsingum og sundurliðuðum verkostnaði við verklok. Auk þess færa þau jafnóðum lýsingar sínar á framvindu verksins og ályktanir sem þau draga til að auka þekkingu sína, leikni og hæfni.

Leiðbeinandi metur verkdagbók og hvort verkefni sé unnið í samræmi við viðurkennt verklag og hvort nemi hafi fylgt verklýsingu og leiðbeiningum.

Nemi metur eigið vinnuframlag, gagnsemi náms, samstarf við aðra nemi og leiðbeinanda.

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir fjórar tölur: 4 jafngildir Alltaf, 3 er Oftast, 2 er Stundum, 1 er Aldrei.

Virgni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók.				
Safnar minnisatriðum, hugleiðingum, hugmyndum og öðru námsefni.				
Tekur virkan þátt í umræðum.				
Jákvætt viðhorf til skólafélaga og verkefna				
Tekur virkan þátt í viðfangsefnum				

Mat á námi ¹

Merktu við eins og þér finnst hafa gengið	Á ekki við	Já	Nei
Voru verkefnin eins og þú áttir von á?			
Var auðvelt að skilja munnlegar leiðbeiningar?			
Var auðvelt að skilja skriflegar leiðbeiningar?			
Gastu unnið eftir verklýsingu þinni?			
Voru vinnuáðstæður góðar?			
Finnst þér að þú hafir lært af þessu námi?			
Fannst þér gott að vinna með leiðbeinanda?			
Finnst þér gagn af að nota verkdagbókina?			
Treystir þú þér til að vinna sambærilegt verkefni eftir verklýsingu á eigin spýtur?			
Gekk þér vel að vinna með öðrum?			
Náðir þú að nota leiðir til að njóta stundarinnar?			

Annað sem þú vilt nefna í tengslum við mat á náminu?

¹ Notkun einstakra þátta í listanum getur átt við eftir aðstæðum eða námshópum hverju sinni.

Mat á framkvæmd náms

Auk þess að meta eigin stöðu þá meta nemi námið, markmið þess, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsins. Fræðsluaðili sér til þess að þetta mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti. Nemi leggur mat á:

- Námið og markmið þess.
- Skipulag námsins.
- Hæfni leiðbeinenda.
- Aðbúnað á kennslustað og veitta þjónustu.

Með þessu hefur námsmaður öðlast hæfni í að:

- Taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- Leggja mat á markmið sín og eigin framfarir í náminu.

Verkdagbók

Forsíða

Nemi:

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók er safnað efni til þess að:
auðvelda nemum upprifjun á efni smiðjunnar
nemar og leiðbeinendur geti metið framvindu og árangur námsins
vera vitnisburður um viðfangsefni og árangur nemenda ef þeir vilt sýna hana öðrum.

- Nauðsynlegt er að færa í verkdagbók á hverjum degi.
- Framsetning efnis getur verið skrifleg, riss, teikningar, ljósmyndir og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem neminn kys.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsingar, áætlanir, uppgjör og annað sem varðar undirbúning, skipulag og framvindu verks.
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir.
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

